



Reykjavík, 26. júní 2024
MIR24040007

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Efni: Tillaga fulltrúa Vinstri grænna um vatnspóstinn í Aðalstræti

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 26. apríl 2024 var lögð fram tillaga fulltrúa Vinstri grænna um vatnspóstinn í Aðalstræti.

Fulltrúi vinstri grænna í menningar- íþróttá og tómstundaráði leggur til að Borgarsögusafni verði falið að endurgera gamla vatnspóstinn í Aðalstræti og koma honum í viðunandi horf. Fyrsta skrefið er að vinna kostnaðaráætlun verkefnisins og kynna ráðinu svo skjótt sem auðið er.

Tillögunni var frestað.

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 10. maí 2024 lögðu fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar svohljóðandi breytingartillögu sem var samþykkt:

Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að endurgerð gamla vatnspóstins í Aðalstræti með það að markmiði að koma honum í viðunandi horf. Borgarsögusafni verði falið að leiða þá vinnu, sem feli í sér að láta vinna kostnaðaráætlun og leggja fyrir ráðið tillögu að tímasettri framkvæmdaáætlun.

Jafnframt lögðu fulltrúar Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar fram svohljóðandi bókun:

Vatnspósturinn í Aðalstræti er skemmtilegt tákni um horfna lífnaðarhætti í borginni sem sækir aðráttarafl sitt ekki síst í nálægð við náttúruöflin, hreint vatn, náttúruböð og upphitaðar almenningssundlaugar. Vatnspósturinn má muna sinn fífil fegurri og er hér samþykkt að hefja undirbúning að endurgerð hans með gerð kostnaðaráætlunar og í kjölfarið tillögu að framkvæmdaáætlun.

Undirritaður hefur verið í sambandi við skrifstofustjóra á skrifstofu borgarlands og deildarstjóra og gerð hefur verið eftirfarandi áætlun fyrir umbætur á vatnspóstinum.

Verkþættir:

- Yfirfara raflagnir og skipta út lýsingu fyrir LED-lýsingu sem er með mun lengri endingatíma en lýsingin sem er í brunninum í dag (lýsingin sem er í dag öll úrsérgengin).
- Hreinsa brunninn eins og þarf.
- Skipta um gler eftir þörfum.
- Laga/skipta um rör og annað járnverk ofan í brunninum eftir þörfum.
- Gera við dæluna sem er til staðar eða skipta um og nota hann sem er í fórum Borgarsögusafns (eftirgerð), ef að það reynist hagkvæmari kostur.
- Mála dæluna með endingargóðri málningu eða jafnvel láta duftmála hann.



Kostnaður:

Það er dálítið erfitt að áætla kostnaðinn við verkið en hann fer eftir ýmsu, t.d. hversu slæmt ástand er á járnvirki ofan í brunninum, hvaða lausn er farin varðandi dæluna og ástand glersins. Talið er líklegt að kostnaðurinn gæti orðið einhverstaðar á milli 1-1,5 milljón, en aldrei meira en 2 mkr.

Þar sem að þetta eru ekki minjar flokkast þetta því sem götugagn og skrifstofa borgarlandsins mun bera kostnaðinn af viðgerðinni.

Ég mæli með að þessi leið verði farin. Hafsteinn og félagar á hverfastöð eru reiðubúnir að ganga hratt í verkið, um leið og ákvörðun liggur fyrir.

Virðingarfyllt,



Guðbrandur Benediktsson
Safnstjóri



Reykjavík